

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 502/1997.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)
gegn

Ottó Svani Markússyni

(Tómas Jónsson hrl.)

Líkamsárás. Neyðarvörn. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds með stefnu 10. desember 1997. Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd og ákvæði héraðsdóms um skaðabætur staðfest.

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara frávísunar máls frá héraðsdómi, en ella ómerkingar og heimvísunar eða að sér verði ekki gerð sérstök refsing eða hún verði felld niður.

I.

Krafa ákærða um frávísun málsins frá héraðsdómi er ekki studd neinum rökum, sem hald er í. Verður hún því ekki tekin til greina.

II.

Í lögregluskýrslu 11. janúar 1997 kemur fram, að fjórir lögreglu-menn hafi verið kallaðir kl. 3.24 að veitingahúsinu Næturgalanum í Kópavogi vegna handalögmála. Hafi þar verið ákærði, er sýndi sár á fótlegg, sem blæddi úr, og Sigurþór Jónsson með skurð milli augna, og hafi nef hans virst brotið. Ákærði hafi sagt, að einhver hafi sparkað í legginn á sér. Einnig hafi ákærði sagt, að hann myndi ekki, hvort hann hefði „skallað framan í Sigurþór“. Í skýrslunni segir enn fremur, að Halldór Jóhannsson og Pálmi Jónsson hafi borið, að þeir hafi séð ákærða skalla framan í Sigurþór. Fram er komið, að Halldór og Sigurþór eru systrasynir og Pálmi bróðir Sigurþórs.

Sigurþór Jónsson kom á lögreglustöðina í Kópavogi 16. janúar 1997, bar fram kæru á hendur ákærða og kvað hann hafa skallað sig fyrirvaralaust.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 4. febrúar 1997. Þar kvaðst hann í umrætt sinn hafa verið að rífast við tvo menn í veitingahúsinu. Hafi Sigurpór þá komið að og verið með mikil læti, skæting og yfirgang. Síðan hafi Sigurpór rífið í sig, áflog hafist og hann hlotið við þau sár á fótlegg. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa skallað Sigurpór, en vel geti verið, að hann hefði „kýlt“ hann, þar sem hann hefði verið að verja sjálfan sig.

Sama dag bar Halldór Jóhannsson fyrir lögreglu, að ákærði hefði fyrirvaralaust skallað Sigurpór. Halldór tók sérstaklega fram, að undanfari þess hafi ekki verið handalögmál Sigurpórs og ákærða, heldur þras á milli manna. Framburður Pálma Jónssonar um þetta í lögregluskýrslu 26. mars 1997 er á sama veg og framburður Halldórs. Þeir hafa báðir fyrir dómi staðfest framburð sinn fyrir lögreglu.

Lögregla virðist ekki hafa yfirheyrt aðra menn um málsatvik, en Sveins Ragnars Jónssonar er getið sem vitnis í fyrstu skýrslu hennar 11. janúar 1997. Frekari skýrslur voru síðan gefnar við aðalmeðferð málsins 28. október 1997.

Í héraðsdómi er lýst framburði ákærða og vitna fyrir dómi. Auk þeirra, sem gáfu skýrslu fyrir lögreglu, voru þrjú vitni yfirheyrd fyrir dómi, Sveinn Ragnar Jónsson, sem kvaðst vera góður vinur ákærða, Elín Björg Haraldsdóttir, eiginkona Sveins, og Steinþór Benediktsson. Hinn síðastnefndi var ekki sjónarvottur að því, er Sigurpór hlaut áverka þá, sem ákært er fyrir í málinu. Elín kvaðst ekki hafa séð, hvernig Sigurpór meiddist.

Af skýrslu áðurnefnds Sveins verður ráðið, að þegar Sigurpór slasaðist, hafi Sveinn ekki séð greinilega, hvað ákærða og Sigurpóri fór á milli, vegna þess að Sveinn var þá í átökum við Steinþór Benediktsson. Sveinn skýrir svo frá, að hann hafi verið að reyna að halda Steinþóri, en á meðan hafi „hitt“ gerst. Þetta hafi allt gengið mjög fljótt. Sigurpór hafi sparkað í ákærða og ákærði þá hniðið niður. Steinþór segir, að síðan hafi sér fundist ákærði hafa skolið upp undir Sigurpór einhvern veginn, þegar hann reis upp.

Fyrir dómi ítrekaði ákærði framburð sinn fyrir lögreglu þess efnis, að Sigurpór hefði sparkað í sig. Ákærði kvaðst þá hafa beygt sig niður, „og svo rauk ég upp og í hann“. Sagðist ákærði telja líklegast,

að Sigurþór hefði slasast, þegar ákærði rauk í hann, og að þeir hafi skolið saman.

III.

Í ljósi þess, sem að framan er rakið, verður ekki fallist á kröfu ákærða um ómerkingu héraðsdóms, sem reist er á ákvæði 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994.

Með vísun til lýsingar ákærða á atvikum og framburðar vitnanna Sigurþórs, Halldórs og Pálma verður staðfest niðurstaða héraðsdómara um, að sannað sé, að ákærði hafi af ásetningi ráðist á Sigurþór með þeim afleiðingum, að hann hlaut þá áverka, sem greindir eru í ákæru. Er því brot ákærða í héraðsdómi réttilega talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Ákærði ber fyrir sig, að verknaður sinn sé refsilaus vegna þess, að hann hafi unnið hann af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og fyrr greinir, segir í skýrslu lögreglu, sem kom á vettvang, skömmu eftir að atvik málsins gerðust, að ákærði hafi skýrt svo frá, að einhver hafi sparkað í sig. Hafi ákærði sýnt lögreglu sár á hægri fótlegg, sem blæddi úr. Sárinu er ekki lýst nánar. Ákærði lét ekki skoða sárið frekar og kvaðst í skýrslu fyrir dómi hafa búið um það heima. Verður að leggja þetta til grundvallar um umfang áverka ákærða. Í lögregluskýrslu 4. febrúar 1997 sagðist ákærði hafa hlotið sár á fótlegg í átökum við Sigurþór. Framburður hans fyrir dómi um orsök þess er ákveðnari. Þar segir hann, að Sigurþór hafi sparkað í sig. Er þessi framburður ákærða einungis studdur skýrslu eins vitnis, sem gat verið í aðstöðu til að sjá greinilega, hvað gerðist, Elínar Haraldsdóttur. Sigurþór neitar því að hafa sparkað í ákærða. Fyrirnefndur Halldór, sem var nærstaddur, sagði um sparkið, að sér myndist „það ekki geta gerst“. Pálmi, bróðir Sigurþórs, kvað það ekki hafa getað farið fram hjá sér, ef Sigurþór hefði sparkað í ákærða. Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, telst ekki nægilega sannað, að Sigurþór hafi sparkað í ákærða eða valdið honum umræddum meiðslum.

Í héraðsdómi er lýst átökum ákærða við fyrrgreint vitni, Steinþór Benediktsson, og aðdraganda átaka ákærða og vitnisins Sigurþórs.

Eru engin marktæk rök komin fram, sem styðja þá málásástæðu ákærða, að skilyrði hafi verið til þess, að hann beitti neyðarvörn gegn Sigurþóri, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Af sömu ástæðum verður ekki heldur beitt ákvæði 2. mgr. sömu greinar eða 1. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laganna.

V.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst skaðabótakröfu Sigurþórs Jónssonar á hendur ákærða. Niðurstaða héraðsdóms um kröfur um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, sbr. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og miska samkvæmt 26. gr. sömu laga eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Með vísun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um, að ákærða beri að greiða Sigurþóri 7.483 krónur í bætur fyrir útlagðan kostnað. Þá þykir hæfilegt, að ákærði greiði honum 6.000 krónur vegna lögmannaðstoðar, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991. Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma dráttarvaxta er staðfest.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verða staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Ottó Svanur Markússon, greiði Sigurþóri Jónssyni 13.483 krónur ásamt dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1997 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Tómasar Jónssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. nóvember 1997.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 2. september sl., og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 9. september. Málið var þingfest 25. september og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 28. október sl.

Ákærður er Ottó Svanur Markússon, kt. 050363-7599, Lyngbrekku 9,

Kópavogi, „fyrir líkamssárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 11. janúar 1997 í veitingastaðnum Næturgalanum, Smiðjuvegi 14, Kópavogi, skallað Sigurpór Jónsson í andlit með þeim afleiðingum að Sigurpór nef-brotnaði, hlaut 1–2 cm langan skurð ofan við nefrót og glóðarauga báðum megin og þurfti að gangast undir aðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Anna Jóhannsdóttir héraðsdómslögmaður gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd Sigurpórs Jónssonar, kt. 070159-4139, Engihjalla 3, Kópavogi, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum samtals 237.669 kr. í skaðabætur og lögmannskostnað auk vaxta samkvæmt ákvæðum 16. gr. skaðabótalaga frá tjónsdegi, en dráttarvaxta samkvæmt 15. gr. vaxtalaga“.

Verjandi ákærða krafðist þess og aðallega, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, að ákærða yrði ekki gerð sérstök refsing, og til þrautavara, að ákvörðun um refsingu eða fullnustu hennar yrði frestað skilorðsbundið. Verjandi krafðist og frávisunar skaðabótakröfu Sigurpórs Jónssonar, en til vara sýknu. Í öllum tilvikum krafðist verjandi þess, að málskostnaður yrði felldur á ríkissjóð. Loks krafðist hann málsvarnarlauna að mati réttarins.

Í frumskýrslu lögreglu, sem tímasett er laugardaginn 11. janúar 1997 kl. 3.24, segir, að lögreglumenn hafi verið sendir á veitingastaðinn Næturgalan við Smiðjuveg í Kópavogi vegna áfloga. Orðrétt segir: „Innandýra, við barinn, mátti sjá mikið blóð á gólfi. Innan við borðið var Sigurpór með klút fyrir andliti. Nokkrir menn stóðu framan við barborðið og bentu á Ottó og sögðu hann hafa átt upptökin og einnig, að hann hefði skallað í andlit Sigurpórs. Sigurpór var með lóðréttan skurð á milli augnanna og nefið virtist brotið. Ottó kvaðst ekki muna, hvort hann hefði skallað framan í Sigurpór. Ottó kvað einhvern hafa sparkað í legginn á sér, hann sýndi sár á hægri fótlegg, sem blæddi úr. Hann kvaðst ekki geta trúað því, að hann hefði haft eitthvað í þessa ruma að gera, hann, þetta „kústskaft“. Ottó var færður á lögreglustöðina í lögreglubifreiðinni DT-287, sem einnig var komin á vettvang. Eftir viðtal var Ottó frjáls ferða sinna. Sigurpór var fluttur á slysa-deild Sjúkrahúss Reykjavíkur til skoðunar.“

Áverkavottorð Þórarins Arnar Sævarssonar, deildarlæknis á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, dags. 6. 7. 1997, liggur frammi í málinu. Þar segir, að 11. janúar 1997 kl. 3.45 hafi Sigurpór Jónsson komið á slysa-deild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Hafi skoðun læknis leitt í ljós 1–2 cm langan skurð ofan við nefrót, og því hafi verið lýst, að nef hafi verið bólgið og sveigt til vinstri.

Skurður hafi verið saumaður og Sigurþór farið heim að því loknu. Hinn 14. sama mánaðar hafi Sigurþór komið á göngudeild „HNE“ (háls-, nef- og eyrnadeildar), og hafi þá sést við skoðun glóðaraugu báðum megin og inn- kýlt nefbrot hægra megin. Einnig hafi verið talsverð skekkja á miðsnesi, en hún hafi ekki verið nýtilkomin skv. sögu sjúklings. Þann dag hafi verið gerð aðgerð á nefbrotinu, og hafi fengist góð lega á broti. Sjúklingurinn hafi síðan verið settur á biðlista fyrir lagfæringu á miðsnesi. Hún hafi verið gerð 8. apríl 1997. Hafi sjúklingurinn tvívegis komið í eftirlit síðan. Nef líti vel út, miðsnes sé beint og sjúklingur andi auðveldlega um báðar nasir. Engin sérstök vandamál séu, og teljist því sjúklingur útskrifaður til eftirlits á göngu- deild háls-, nef- og eyrnadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur eftir þörfum.

Ákærði, Ottó Svanur, gaf skýrslu fyrir lögreglu og dómi. Hinn 4. febrúar 1997 gaf hann skýrslu fyrir lögreglunni í Kópavogi. Hún er stutt. Þar kemur þetta fram: Hann kvaðst kannast við málið. Hann hefði verið þarna (á Næturgalanum) ásamt eiginkonu sinni og kunningjahjónum. Hann og kunningi hans, Sveinn Ragnar Jónsson, hefðu lent í einhverjum deilum við tvo menn inni á staðnum. Þetta hefði verið rétt um lokun, og kvaðst ákærði hafa verið mikið drukkin. Hann kvaðst hafa verið að rífast við „áður- nefnda tvo menn“ (ekki er ljóst af skýrslunni, hverjir þeir voru), og hefði þá þriðji maðurinn komið að til að sækja þá. Hann hefði verið með mikil læti, skæting og yfirgang. Ákærði sagði, að þessi maður hefði síðan rífið í sig (ákærða), og þannig hefðu áflogin byrjað. Þau hefðu staðið smástund, og kvaðst ákærði hafa hlotið sár á fótlegg við þau. Hann kannaðist ekki við að hafa skallað þann mann, sem hann átti í átökum við. Vel gæti verið, að hann hefði kýlt manninn, þar sem hann hefði verið að verja sjálfan sig. Ákærði kvaðst ekki vita nákvæmlega, hve margir þeir voru, sem hann slóst við, en sagði, að þeir hefðu a. m. k. verið tveir á tímabili. Hann sagði, að lögreglan hefði komið fljótt á staðinn og hann þá gefið sig á tal við lögreglumennina. Hann hefði síðan verið fluttur á lögreglustöðina til viðtals og honum síðan ekið heim til sín.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa lent í líkamlegum átökum á umræddum stað og tíma. Kvaðst hann hafa staðið við endann á barnum ásamt fleiri mönnum, þ. á m. manni að nafni Steinþór. Átökin hefðu byrjað þannig, að Steinþór hefði rífið í ákærða án nokkurs tilefnis. Ákærði kvaðst hafa tekið aðeins á móti honum, en þá hefði Sveinn Ragnar komið og dregið Steinþór til baka. Sveinn hefði tekið Steinþór hálstaki og „bakkað“ með hann þannig inn að eldhússdyrum. Ákærði sagðist hafa gengið að Steinþóri, bent á hann og sagt: „Snertu mig ekki!“ Hefði Sigurþór Jónsson þá komið aðvífandi með miklum látum og sparkað í ákærða, sköfl-

unginn. Ákærði sagðist hafa beygt sig niður, en Sigurbór hefði haldið áfram „barsmíðunum“. Þá hefði ákærði rokið „upp og í hann“. Eftir það hefði sér (ákærða) verið skellt í gólfíð af tveimur öðrum mönnum, og við það kvaðst hann hafa róast. Síðan hefði hann beðið eftir lögreglunni, og þegar hún kom, hefði hann farið með henni og gefið skýrslu. Ákærði sagði, að eftir að lætin voru um garð gengin, hefði sér orðið kunnugt, að Sigurbór hefði slasast í átökum við sig. Hann hefði hins vegar ekki vitað af því, þegar það gerðist. Hann var þá spurður, hvort hann vissi, hvernig Sigurbór slasaðist. Ákærði svaraði, að hann teldi líklegast, að það hefði gerst, þegar hann rauk í hann, þá hefðu þeir skolið saman. Ákærði ítrekaði, að Sigurbór hefði komið að sér með miklu offorsi og látum og sparkað í sig. Ákærði hefði beygt sig niður, en svo „rokið upp á móti manninum“. Aðspurður lýsti hann þessu ekki nánar. Ákærði kvaðst muna þessa atburði ágætlega. Hann hefði að vísu verið drukkinn, en myndi þó vel alla atburðarás.

Sigurbór Jónsson gaf skýrslu fyrir lögreglu og dómi. Hinn 16. janúar 1997 gaf hann skýrslu fyrir lögreglunni í Kópavogi. Þar er þetta eftir honum haft: „Ég og fimm ættingjar mínir fórum í Næturgalanann í umrætt sinn. Við vorum allir eitthvað undir áhrifum áfengis. Við komum rétt undir lokun og ætluðum að staldra stutt við.

Við vorum nokkrir komnir út af Næturgalanum og búið að loka staðnum, þegar ég varð var við, að einhverja vantaði í hópinn. Ég fór aftur inn í húsið til að sjá, hvort hinir væru ekki að koma. Ég sá, hvar Steinþór Benediktsson stóð við barborðið. Hann stóð mitt á milli tveggja manna, var brosandí, en þó fannst mér eins og hann væri að sætta þessa aðila. Ég gekk til hans og sagði honum, að við værum að fara. Bróðir minn var þarna einnig, og gaf ég mig á tal við hann augnablik.

Þá allt í einu sá ég, að búið var að taka Steinþór svokölluðu hálstaki. Í þann mund komu að menn, og stukku þeir á Steinþór og þann, sem hélt honum hálstaki (kærða). Fálmaði Steinþór út í loftið og rétti fram gleraugu sín. Tók bróðir minn við gleraugunum, en ég skipti mér ekkert frekar af málinu.

Steinþór var færður inn í eldhúsið af þeim, sem stokkið hafði á hann. Ég hélt, að sá væri dyravörður, en sá seinna, að hann var vinur kærða. Kærði gekk á eftir þeim að eldhúsinu, og gat ég ekki betur séð en kærði sparkaði til Steinþórs. Ég fór þá á móti kærða, og stóðum við í dyragættinni við eldhússdyrnar. Þeir Steinþór höfðu þá fallið inn á eldhússgólfíð og lágu þar í gólfinu. Veitti Steinþór enga mótspyrnu, og virtist allt vera í lagi hjá þeim.

Ég fann að við kærða fyrir að vera að veitast að Steinþóri, sagði enga

ástæðu til að vera með þessi læti. Má vera, að ég hafi verið hvass við hann, en ég gerði ekkert annað en tala. En þá reif kærði í mig og spurði, hvað ég væri að derra mig. Við þrefuðum eitthvað, og endaði það með því, að kærði spurði, hvað ég vildi. Ég hristi höfuðið og ætlaði að ganga í burtu. Ég man, að ég var mjög undrandi. Það var ekki hægt að tala við kærða, og virtist mér sem hann væri að leita að illindum.

Þá allt í einu og fyrirvaralaust skallaði kærði mig í andlitið. Höggið hafnaði á milli augnanna og niður eftir nefi. Ég greip fyrir andlitið og fann, að ég var alblóðugur. Ég sá stjörnur, en missti ekki meðvitund. Lögreglan kom síðan, að ég tel, fljótlega á vettvang og handtók kærða.

Við læknisskoðun kom í ljós, að ég var nefbrotinn, og þurfti að sauma tvö spor á milli augnanna. Ég er einnig með glóðarauga á báðum augum.“

Í skýrslu sinni fyrir dómi bar vitnið Sigurþór mjög á sama veg. Hann sagði, að hann og félagar sínir hefðu allir verið komnir út af veitingastaðnum, þegar þeir hefðu tekið eftir því, að Steinþór Benediktsson vantaði í hópinn. Hann og Pálmi, bróðir sinn, hefðu þá farið inn að sækja Steinþór. Hefði Steinþór staðið við barinn og vitninu vírst sem hann hefði verið að skilja menn þar. Allt hefði annars vírst vera í lagi, Steinþór verið brosandi og vitninu vírst engin vandamál vera í gangi. Skyndilega hefði ákærði gripið Steinþór hálstaki, og hefði hann þá rétt Pálma gleraugu sín. Einhverjir hefðu aðskilið þá mjög fljótt og Steinþór hefði verið dreginn inn í eldhús. Vitnið kvaðst hafa haldið, að sá, sem það gerði, væri dyravörður, og hann ekki haft neinar áhyggjur af Steinþóri. Ákærði hefði þá sloppið frá sínum mönnum, stokkið til og lamið og sparkað til Steinþórs, þar sem honum hefði verið haldið. Vitnið kvaðst þá hafa stokkið á milli og haft á orði, að ekki væri við hæfi að berja menn, sem væri haldið. Hefðu menn þá farið að munnhöggvast, og þá fyrirvaralaust hefði ákærði skallað vitnið í andlit. Þegar hann jafnaði sig eftir höggið, hefði hann séð, að ákærða var haldið á gólfinu. Blóð hefði fossað úr andliti sér, og kvaðst hann hafa verið vankaður. Lögreglan hefði flutt sig á sjúkrahús, og þar hefði hann verið saumaður og auk þess gert að nefbrotinu. Vitnið kvaðst aldrei hafa lagt hendur á ákærða og að framburður ákærða um, að vitnið hefði sparkað í hann, væri rangur. Hann hefði aldrei sparkað, en kvaðst eflaust hafa verið frekar hvassyrstur.

Með öðrum vitnum, sem komu fyrir dóm í máli þessu, skiptir í tvö horn. Annars vegar eru nánir ættingjar, vinir og samferðamenn Sigurþórs Jónssonar og hins vegar vinir og samferðamenn ákærða. Halldór Jóhannsson, systrungur Sigurþórs, og Pálmi Jónsson, bróðir hans, voru báðir á Næturgalanum umrætt kvöld, og var vætti þeirra beggja til stuðnings framburði Sigurþórs. Vitnið Steinþór Benediktsson hefur sérstöðu.

Vitnið Halldór Jóhannsson bar, að ákærði hefði slegið „eitthvað aðeins“ í Steinþór, meðan verið var að draga hann inn í eldhús. Vitnið og Sigurþór Jónsson hefðu þá farið að þrasa eitthvað við ákærða um, að þetta hefði ekki verið karlmannlega gert af honum. Þeim samræðum hefði lokið með því, að ákærði hefði skallað í höfuð Sigurþórs. Nánar spurður sagði vitnið Halldór, að ákærði hefði danglað til Steinþórs. Hann kvaðst ekki geta sagt til um, hvort ákærði hefði sparkað í hann, en taldi, að það hefði ekki getað farið fram hjá sér, ef Sigurþór hefði sparkað í ákærða. Ákærði hefði gengið nær þeim Sigurþóri og Halldóri, meðan þeir hefðu verið að rífast, en þeir hefðu ekki þokað sér undan. „Síðan bara kom ennið á honum.“ Ákærði hefði skallað Sigurþór með enninu.

Vitnið Pálmi Jónsson bar, að Steinþór hefði lent í stimpingum við ákærða. Hefði ákærði komið aftan að Steinþóri og tekið hann hálstaki. Hefði Steinþór þá rétt gleraugu sín út í loftið, og kvaðst vitnið Pálmi hafa tekið þau. Kunningi ákærða hefði komið aðvífandi og tekið Steinþór og farið með hann inn í eldhús. Ákærði hefði fylgt á eftir, en Sigurþór hefði komið í veg fyrir eftirför hans. Þá hefði komið til orðaskaks á milli Sigurþórs og ákærða. Vitnið Pálmi kvaðst ekki hafa heyrt orðaskil, en viðræðum hefði lokið með því, að ákærði hefði skallað Sigurþór. Svo hefði virst sem ákærði hefði ætlað að halda árásinni áfram, en vitnið og Halldór Jóhannsson hefðu keyrt ákærða í gólfíð og haldið honum þar. Vitnið Pálmi sagði, að ákærði hefði fylgt á eftir, þegar verið var að draga Steinþór í átt að eldhúsinu. Vitnið var spurt, hvort ákærði hefði þá eitthvað gert. Vitnið neitaði því. Sigurþór hefði komið í veg fyrir, að ákærði færi inn í eldhús á eftir hinum. Hann hefði stöðvað ákærða, án þess að komið hefði til átaka. Vitnið sagði, að það hefði ekki getað farið fram hjá sér, ef Sigurþór hefði sparkað í ákærða.

Vitnið Sveinn Ragnar Jónsson skýrði svo frá, að við barinn hefði Steinþór gert sig líklegan til að fara að berja ákærða. Vitnið hefði þá blandað sér í málið og tekið Steinþór haustaki og dregið hann afsíðis, „inn með ganginum“. Sú ferð hefði endað með því, að báðir hefðu þeir dottið inn í eldhús. Ekkert hefði meira orðið úr átökum milli vitnisins og Steinþórs. Vitnið sagði, að í þessu hefði Sigurþór Jónsson komið „vaðandi inn“ og sparkað í ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt nein orðaskipti og ekki getað séð neina ástæðu til þess, að Sigurþór hagaði sér svona. Ákærði hefði hniگیð niður og tekið utan um „löppina á sér“. Þá virtist vitninu sem Sigurþór ætlaði að „hjóla Ottó niður“, en þá hefði ákærði risið upp, „og eftir það sá ég bara, að maðurinn var með blóðnasir“. Þeir ákærði og Sigurþór hefðu verið aðskildir, og í því hefðu vitnið og Steinþór dottið inn um eldhússdyrnar.

Vitnið taldi, að sér hefði fundist eins og ákærði hefði skolið upp undir Sigurþór, þegar ákærði reis upp. Sigurþór hefði þá fengið blóðnasir og orðið „alveg tjúllaður“ og vaðið í ákærða. Vitnið bar, að á meðan hann var að draga Steinþór í hálstaki að eldhúsinu, hefði ákærði ekki veist að Steinþóri. Vitnið bar, að um nóttina hefði hann óskað eftir að fá að gefa skýrslu hjá lögreglu, en sér verið neitað um það á þeim forsendum, „að þetta væri búið“.

Vitnisburður Elínar Bjargar Haraldsdóttur, eiginkonu vitnisins Sveins Ragnars Jónssonar, var mjög á sama veg.

Vitnið Steinþór Benediktsson kvaðst hafa verið lítið drukinn og muna vel atburði kvöldsins. Ákærði hefði tekið sig hálstaki, þar sem þeir stóðu rétt fyrir framan eldhúsið. Þegar búið hefði verið að losa ákærða frá vitninu, hefði Sigurþór spurt ákærða, hvers vegna hann hefði verið að slást við vitnið. Þá hefði ákærði skallað Sigurþór. Sagði vitnið þá félaga ákærða hafa tekið sig hálstaki og dregið sig „eitthvað fram eftir ganginum“. Vitnið hefði þá verið alveg laust við ákærða og kvaðst ekki hafa séð, þegar ákærði skallaði Sigurþór. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að ákærði hefði veist að sér, eftir að Sveinn Ragnar hefði tekið sig hálstaki. Margsinis spurður sagði vitnið, að hann hefði ekki gert það. Vitnið ítrekaði, að það hefði ekki séð þau átök, sem leiddu til þess, að Sigurþór Jónsson nefbrotnaði.

Forsendur og niðurstöður réttarins.

Upphaf átakanna á veitingahúsinu Næturgalanum laugardagsnóttina 11. janúar 1997 virðast hafa verið þau, að ákærði og Steinþór Benediktsson lentu í stimpingum. Auk Steinþórs sjálfs bera þetta vitnin Sigurþór, Halldór og Pálmi. Þrjú vitnanna bera, að ákærði hafi tekið Steinþór hálstaki. Upplýst er, að vinur og félagi ákærða, Sveinn Ragnar Jónsson, skarst í leikinn, tók sjálfur Steinþór Benediktsson hálstaki og dró hann í áttina að eldhússdyrum. Endaði sú för með því, að þeir duttu inn um eldhússdyrnar.

Sannað er, að Sigurþór Jónsson slasaðist af völdum ákærða, og er áverka rétt lýst í ákeru, sbr. áverkavottorð. Einnig er sannað, að ákærði olli áverknum með höfðinu. Um það, hvernig það gerðist nákvæmlega, ber mönnum í milli. Í því sambandi ber að athuga, að vætti Sveins Ragnars Jónssonar getur ekki talist trúverðugt, þar sem hann var með mann í tókum að draga hann í áttina að eldhúsinu eða jafnvel dottinn inn úr eldhússdyrum, þegar Sigurþór hlaut áverkann. Vitnið Halldór Jóhannsson hefur borið, að ákærði hafi skallað Sigurþór með enninu. Sjálfur segir ákærði, að eftir að Sigurþór hafi ráðist á sig, m. a. með því að sparka í fótlegg sér, hafi hann rokið „upp og í hann“, en hann orðaði þetta líka svo, að hann hefði beygt sig niður, en svo „rokið upp á móti manninum“. Þegar þetta er borið saman og virt, verður að telja sannað, að ákærði hafi haft ásetning til skallaárásarinnar.

Sýnt þykir dómara, að ákærði hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum á fótlegg í þeim átökum, sem urðu. Ósannað er, að Sigurþór Jónsson hafi valdið þeim meiðslum. Ber í því sambandi að líta til þess, að framburður vitnisins Sveins Ragnars Jónssonar getur ekki talist trúverðugur.

Ákærði hefur með verknaði sínum unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hefur frá árinu 1980 fimm sinnum sætt refsingu með sátt eða dómi, í öll skiptin vegna brota á umferðarlögum.

Refsing ákærða þykir dómara hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, en rétt þykir honum, að fullnustu þeirrar refsingar verði frestað, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa Sigurþórs Jónssonar er sundurliðuð þannig:

Tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. skbl.:

Óvinnufær í 3 daga, 13.-15. janúar '97	kr.	30.000
Óvinnufær í 5 daga vegna aðgerðar í maí '97	kr.	50.000
	kr.	80.000

Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl.:

Rúmliggjandi 1 dag + veikur 10 daga, 11.-21. janúar, eftir árásina

Rúmliggjandi 1 dag + veikur 10 daga í maí v/aðgerðar á nefi

2 × 1.403 kr. á dag, 20 × 755,50 kr. á dag (m/v lánskjvt. júní '97)

kr. 17.916

Miskabætur skv. 26. gr. skbl.:

Bótakrafa vegna tilefnislausrar árássar, meingerð gegn friði, æru og persónu tjónþola, sem hefur einnig í för með sér varanleg útlitslýti, m. a. ör á nefi

kr. 100.000

Útlagður kostnaður:

Greiðslur til Sjúkrahúss Reykjavíkur skv. kvittunum	kr.	3.848
Hreinsun á blóði úr jakka	kr.	1.635
Lyfjakostnaður	kr.	1.000
Leigubifreið eftir aðhlynningu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur árássarnóttina	kr.	1.000
	kr.	7.483

Kostnaður vegna aðstoðar lögmanns og gerðar bótakröfu,

4 tímar á 6.480

kr. 25.920

Virðisaukaskattur

kr. 6.350

kr. 32.270

Heildarbótakrafa kr. 237.669

Fyrstu tveir liðir í skaðabótakröfu, tímabundið atvinnutjón og þjáningabætur, eru vanreifaðir. Bótakröfuhafi upplýsti fyrir dómi, að hann væri kerfisfræðingur og hefði um áramótin 1996/97 byrjað að vinna hjá Lána-sýslu ríkisins. Engin gögn hafa verið lögð fram um launakjör hans þar. Ekki hafa heldur verið lögð fram gögn um, hve marga daga hann var óvinnufær. Í 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir, að greiða skuli þjáningabætur fyrir tímabilið, frá því að tjón varð og þar til ekki sé að vænta frekari bata. Um þetta liggur ekki fyrir læknisvottorð eða önnur gögn. Af þessum sökum ber að vísa þessum tveimur liðum frá dómi. Þá ber einnig að vísa frá dómi þriðja lið, um miskabætur, enda verður að telja, að ákærði hafi ekki framið slíka meingerð gegn frelsi, persónu, friði eða æru Sigurþórs Jónssonar, að dæma megi hinum síðarnefnda miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga. Dæma ber ákærða til þess að greiða Sigurþóri Jónssyni útlagðan kostnað, svo sem krafist er. Gögn fylgja um greiðslu til Sjúkrahúss Reykjavíkur og um hreinsun á jakka, en lyfjakostnaður og kostnaður vegna leigubifreiðar er hóflegur og sennilegur. Þá er og rétt að dæma ákærða til þess að greiða Sigurþóri Jónssyni kostnað vegna aðstoðar lögmanns auk virðisaukaskatts. Samtals verður ákærði dæmdur til að greiða nefndum Sigurþóri 33.403 kr. auk virðisaukaskatts, 6.350 kr. Ákærða var kynnt bótakrafan 10. júní 1997, og er rétt, að hún beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí s. á. til greiðsludags, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

Sakarkostnað allan ber að dæma ákærða til að greiða, þ. m. t. máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Jónssonar hrl., sem skulu vera 50.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr.

Rannsókn þessa máls hefur af hálfu lögreglu ekki verið sem skyldi. Í frumskýrslu er þess getið, að Sveinn Ragnar Jónsson hafi verið vitni að atvikum, og í skýrslu ákærða fyrir lögreglu er hann nefndur sem aðili að átökum. Af honum var þó ekki tekin skýrsla. Í skýrslum Sigurþórs Jónssonar og Halldórs Jóhannssonar fyrir lögreglu er Steinþór Benediktsson nefndur til sögu, en ekki virðist lögreglu hafa hugkvæmst, að máli gæti skipt að yfirheyra hann sem vitni. Ætla má, að annmarkar á frumrannsókn hafi gert meðferð málsins fyrir dómi erfiðari en ella hefði orðið.

Finnur Torfi Hjörleifsson kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ottó Svanur Markússon, sæti 30 daga varðhaldi. Fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurþóri Jónssyni, kt. 071059-4139, 33.403 kr. auk 6.350 kr. í virðisaukaskatt með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1997 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Jónssonar hrl., 50.000 kr. auk virðisaukaskatts og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr.
